

Nd.

763. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn drag-
nótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin telur rétt sökum nauðsynja sjómanna þeirra, er kost eiga á góð-
um markaði fyrir fisk, veiddan í dragnætur í sumar, að gera þær tilslakanir
á banninu gegn dragnótaveiðum innan landhelgi, sem frv. fer fram á. Að vísu
hafði þingið synjað um staðfestingu á bráðabirgðalögum frá síðastl. ári um
tilslakanir á banni gegn þessum veiðum, en þeim tilslökunum fylgdu mjög
margir þingmenn í fyrri, eins og meðfylgjandi undirskriftaskjal sýnir. Nú eru

betri markaðsskilyrði fyrir hendi en um var vitað þegar sú synjun fór fram, og því líklegt, að málið þyki horfa öðruvísi við nú en þá.

Af því nefndinni þótti betur fara á því, að allar undanþáguheimildir laganna væru í sömu grein þeirra, leggur hún til, að frv. sé samþykkt með eftirfylgjandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 2. gr. laga nr. 55 1928 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert.

Alþingi, 22. maí 1933.

Sveinn Ólafsson,
form.

Jóhann P. Jósefsson,
frsm.

Bjarni Ásgeirsson,

Ólafur Thors,
með fyrirvara.

Bergur Jónsson,
með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Undirritaðir alþingismenn skora hér með á ríkisstjórnina að setja, að Alþingi slitnu, bráðabirgðalög um breyting á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, samkvæmt frumvarpi því, er lá fyrir neðri deild Alþingis um málið á þingskjali 263, og með breytingum þeim, er um ræðir á þingskjali 622.

Alþingi, 10. maí 1932.

Héðinn Valdimarsson,	Vilm. Jónsson.	Haraldur Guðmundsson.	
H. Steinsson.	Jón Baldvinsson,	Sveinn Ólafsson.	Bjarni Ásgeirsson.
Guðbr. Ísberg.	Jóhann P. Jósefsson.	Sveinbjörn Högnason.	
Steingr. Steinþórsson.	Bernh. Stefánsson.	Jónas Þorbergsson.	
Jón Ólafsson,	Ingvar Pálmason.	Páll Hermannsson.	
Bj. Snæbjörnsson.	Magnús Jónsson.	Guðrún Lárusdóttir.	
Bergur Jónsson.	Einar Árnason.	Guðm. Ólafsson.	

Ofanritaðri áskorun leyfi ég mér að beina til hæstv. atvinnumálaráðherra, með þeirri breytingu, að dragnótaveiðar verði heimilaðar frá mailokum til áramóta.

Ólafur Thors.